



Göngu- og hjólastígar um Kópavogsháls

Nýtt deiliskipulag

Umsögn skipulagsdeildar

Forsendur

Ferill málsins

Ábendingar, athugasemdir og umsagnir

Niðurstaða

Fylgiskjöl



1) Forsendur

Nýtt deiliskipulag er í samræmi við Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 en þar er stofnstíganet hjólreiða skilgreint um Kópavogsháls. Á þéttbýlisupprætti Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 er sýnd á svæðinu punktalína sem markar göngu- og / eða hjólaleið.

Skipulagssvæðið nær til bæjarlands milli Hafnarfjarðarveggar og aðlægra lóða vestan megin vegarins. Frá Skjólbraut í norðri að undirgöngum undir Hafnarfjarðarveg við Kópavogsdal í suðri. Um 600 m vegalengd.

Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að mæla fyrir um legu og fyrirkomulag stofnstígs hjólreiða um Kópavogsháls og stuðla að auknu umferðaröryggi, sérstaklega gangandi og hjólandi vegfarenda. Tillagan gerir ráð fyrir nýjum aðskildum hjólastíg samsíða núverandi göngustíg.

2) Ferill málsins

Á fundi 18. mars 2024 samþykkti skipulagsráð Kópavogsbæjar með tilvísun í 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að forkynna tillögu að deiliskipulagi göngu- og hjólastíga um Kópavogsháls á vinnslustigi. Vinnslutillagan var kynnt í kjölfarið og haldinn var opinn kynningarfundur þann 29. maí 2024 á bæjarskrifstofum Kópavogsbæjar. Á kynningartíma tillögunnar bárust 8 athugasemdir sem hafðar voru til hliðsjónar við fullmótun deiliskipulagstillögunnar.

Tillagan var kynnt á fundi umhverfis- og samgöngunefndar þann 21. maí 2024.

Þann 15. júlí 2024 samþykkti skipulagsráð Kópavogsbæjar með tilvísun í 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi að göngu- og hjólastíga um Kópavogsháls. Bæjarráð Kópavogs fyrir hönd bæjarstjórnar staðfesti afgreiðslu skipulagsráðs á fundi sínum þann 18. júlí 2024.

Kynningartími var frá 25. júlí - 23. september 2024. Auglýsing birtist í Morgunblaðinu 25. júlí 2024 og Lögbirtingablaðinu 25. júlí 2024. Jafnframt var tillagan birt á vefsíðu Kópavogsbæjar undir liðnum skipulag í kynningu og í skipulagsgátt skipulagsstofnunar.

3) Athugasemdir og ábendingar.

Frestur til að senda inn athugasemdir og ábendingar við kynnta tillögu var til 23. september 2024. Átta athugasemdir bárust á kynningartíma.

1. Skipulagsstofnun, dags. 19.07.2024
2. Reykjavíkurborg, dags. 25.07.2024
3. Veitur, dags. 16.08.2024
4. Garðabær, dags. 2.09.2024
5. Sunnuhlíðarsamtökin, dags. 19.09.2024
6. Landssamtök hjólreiðamanna, dags. 21.09.2024
7. Berglind Aðalsteinsdóttir, dags. 23.09.2024
8. Hulda Jónasdóttir, dags. 23.09.2024



1. *Skipulagsstofnun, dags. 19. júlí 2024*

Gerir ekki efnislegar athugasemdir við deiliskipulagstillögu.

Umsögn

Ekki þörf á viðbrögðum

2. *Reykjavíkurborg, dags. 25. júlí 2024*

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir en bent er á að huga að umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda þegar þverað er yfir Kópavogsbrautina.

Umsögn

Í skipulagsvinnunni voru þveranir fyrir gangandi og hjólandi yfir Kópavogsbraut skoðaðar sérstaklega. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að núverandi hringtorg við enda Kópavogsbrautar færist austar til að koma fyrir hjólastíg og auka sjónlínur. Einnig er gert ráð fyrir að taka niður hljóðvarnargirðingu á þessum hluta til að auka sjónlínur allra vegfarenda. Til að auka umferðaröryggi gangandi og hjólandi er gert ráð fyrir að þverun yfir Kópavogsbraut sé merkt með áberandi hætti og upphækkuð en þverunin er jafnframt breiðari en núverandi þverun.

3. *Veitur, dags. 2. september 2024*

Gera ekki athugasemdir við tillöguna. Óska eftir að leggja hitaveitu og rafmagnslagnir í göngu og hjólastíg.

Umsögn

Framkvæmdadeild og gatnadeild Umhverfissviðs sjá um uppbyggingu og verkhönnun stígakerfisins. Samtal á hönnunarstigi við Veitur er í gangi og hönnunaraðilar eru upplýstir um ósk um hitaveitu- og rafmagnslangir í göngu- og hjólastíg.

4. *Garðabær, dags. 2. september 2024*

Gerir ekki athugasemd við tillöguna

Umsögn

Ekki þörf á viðbrögðum

5. *Sunnuhlíðarsamtökin, dags. 19. september 2024*

Sunnuhlíðarsamtökin í Kópavogi vísa í fyrri athugasemdir og ítreka að samtökin beri ekki kostnað af framkvæmdum.

Umsögn

Þegar framkvæmdir hefjast verður farið eftir ferlum framkvæmdadeildar og gatnadeildar um að auglýsa stærri og veigameiri framkvæmdir á miðlum Kópavogsbæjar. Framkvæmdaraðili mun bera kostnað af fyrirhugðum göngu- og hjólastíg og framkvæmdum tengdum honum.

6. *Landsamtök hjólréiðamanna, dags. 21. september 2024*

Huga þarf vel að öryggi hjólréiðamanna þar sem stígurinn og Kópavogsbraut mætast. Gæta þarf vel að sjónlínunum allra vegfarenda, hjólastígurinn ætti að halda hæðarplani og yfirborði sínu yfir götuna, og tryggja ætti forgang hjólandi vegfarenda yfir götuna bæði með hönnun og með formlegum hætti með skiltun.


Betra væri að að hnika neðsta hluta stígsins í vestur frá stígamótum við Kópavogstún fram yfir stígamótin neðst við undirgöng í botni Kópavogs til að skapa öruggari stígamót og draga úr sveigjum á stíg á vandasömum stað neðst í brekkunni við Kópavogstún Pláss þarf að vera fyrir umferð upp úr undirgöngum að komast upp á jafnsléttu til að fá almennilega stígsýn í




allar áttir á stígamótum áður beygt er eða haldið áfram; ekki má gera ráð fyrir að hjólréiðafólk þurfi að stoppa og svo taka aftur af stað úr brekkunni úr undirgöngunum. (sjá nánar umsögn í fylgiskjöllum)

Umsögn

Í skipulagsvinnunni voru þveranir yfir Kópavogsbraut skoðaðar sérstaklega. Vísað er í umsögn undir lið 2. Eftir ábendingar frá Landssambandi hjólréiðamanna voru gerðar breytingar á staðsetningu hljóðveggja til að auka sjónlínur allra vegfarenda á gatnamótum Kópavogsbrautar.



Vinnslutillaga dags. 14.03.2024



Deiliskipulagsstillaga dags. 18.07.2024

Hljóðveggur styttnur til að auka sjónlínur

Ekki er talið æskilegt að færa hjóla- og göngustíg austar inná Kópavogstún sem er hverfisverndað svæði í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Að öðru leiti er tekið er undir umsögn Landsambands hjólréiða.

7. Berglind Aðalsteinsdóttir, dags. 19. september 2024

Vek athygli á að eins og hjóla/göngustígurinn þverar Kópavogsbraut í dag þá sjást gangandi og hjólandi vegfarendur mjög illa þangað til þeir eru komnir alveg að götunni og birtast þá skyndilega. Þarna myndi bæta öryggi og flæði til muna t.d. með því að hafa mislæg gatnamót, mætti lækka götu og setja brú fyrir hjól/gangandi.

Umsögn

Í skipulagsvinnunni voru þveranir yfir Kópavogsbraut skoðaðar sérstaklega. Sjá umsögn undir lið 2 og 6.

8. Hulda Jónasdóttir, dags. 19. september 2024

Afar mikilvægt er að lagfærð verði þverun hjólandi þar sem umferð kemur úr hringtorgi við Kópavogsbraut, með brú eða göngum. Um er að ræða mikilvæga hjólaleið um Kópavogsháls sem tengir stofnanir og þjónustu (bókasafn, heilsugæslu, verslanir o.fl.) Til að ná sem bestri tengingu bæja á milli myndu göng undir Kópavogsgjánnu auka öryggi hjólandi og draga úr hæðarmun, þar væri fjárfesting sem myndi skila sér sem framtíðarlausn.



Umsögn

Ekki er gert ráð fyrir undirgöngum í aðalskipulagi Kópavogs undir Kópavogsbraut.

Stofnstíganet hjólreiða er skilgreint fyrir höfuðborgarsvæðið í heild á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og samgöngusáttmáli milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins tryggir fjármagn til ólíkra samgönguverkefna á höfuðborgarsvæðinu m.a. stofnstíganet hjólreiða og forgangsroðun þess.

Deiliskipulagssvæðið nær ekki yfir Kópavogsgjá en á því svæði er í gangi vinna við að gera frumdrög fyrir aðra lotu Borgarlínu sem tekur fyrir svæði um Hamraborgina í heild. Á svæðinu þarf að leysa tengingar fyrir alla ferðamáta enda mikilvægur tengipunktur í leiðarneti Borgarlínunnar og Strætó.

4) Niðurstaða umsagnar

Með vísan í ofangreindar umsagnir er það mat skipulagsdeildar að ekki sé tilefni til breytinga á auglýstri tillögu. Deiliskipulagið styður markmið aðalskipulags Kópavogs um að auka hlutdeild gangandi- og hjólandi vegarenda.

Deiliskipulagið leiðir enn fremur til jákvæðra áhrifa á ásýnd stígsins þar sem götugögn og yfirborðshönnun svæðis eru samræmd í eina samþætta heild.

Nýtt deiliskipulag er í samræmi við Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 en þar er stofnstíganet hjólreiða skilgreint um Kópavogsháls.



5) Fylgiskjöl

Umsögn Skipulagstofnunnar, dags. 19.07.2024

Mál nr. 0583/2024 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0583/2024, Göngu- og hjólastígar um Kópavogsháls (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Skipulagsstofnun hefur borist erindi í gegnum skipulagsgátt (dags. 19.7.2024) þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi.

Stofnunin bendir á að það er ekki lögbundið hlutverk stofnunarinnar að gefa umsögn um tillögur að deiliskipulagi á kynningartíma og telur því ekki tilefni til að gefa almenna umsögn um tillöguna á þessu stigi máls.

Ef það er eitthvað sérstakt sem óskað er eftir að stofnunin skoði eða leiðbeini með hvort sem það er vegna efnis tillögu eða málsmeðferð, þá er sjálfsagt að senda erindi þess efnis og tilgreina í erindi hvaða efnis og/eða formsatriði óskað er eftir að stofnunin skoði sérstaklega.

Höfundur: Margrét Þóra Sæmundsdóttir/margret.th.saemundsdottir@skipulag.is

Sent inn þann: 19.07.2024, **Fyrir hönd:** Skipulagsstofnun



Umsögn Reykjavíkurborgar, birt.25.07.2024



Reykjavík

Reykjavík, 30. maí 2024

USK23120143

Kópavogur - Nýtt deiliskipulag - Göngu- og hjólastígur um Kópavogsháls**Viðtakandi:** Kópavogsbær**Sendandi:** Skrifstofa skipulagsfulltrúa**Umsögn**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. maí 2024 var lögð fram umsagnarbeiðni Kópavogsbæjar, dags. 17. maí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi göngu- og hjólastígs um Kópavogsháls á vinnslustigi. Skipulagssvæðið nær til bæjarlands milli Hafnarfjarðarveggar og aðlægra lóða vestan megin vegarins. Frá Skjólbraut í norðri að undirgöngum undir Hafnarfjarðarveg við Kópavogsdal í suðri. Um 600 m vegalengd. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að mæla fyrir um legu og fyrirkomulag stofnstígs hjólréiða um Kópavogsháls og stuðla að auknu umferðaröryggi, sérstaklega gangandi og hjólandi vegfarenda. Tillagan gerir ráð fyrir nýjum aðskildum hjólastíg samsíða núverandi göngustíg.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við tillögu að nýju deiliskipulagi. Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur fagnar stígtengingunni, enda er hún hluti af stofnleið hjólréiða á höfuðborgarsvæðinu.

Við bendum á að huga vel að umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda þegar þverað er Kópavogsbrautina. Tryggja ætti forgang gangandi og hjólandi vegfarenda yfir götuna.

Virðingarfyllt,
Hrönn Valdimarsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



Umsögn Veitna, dags. 16.08.2024

Mál nr. 0583/2024 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0583/2024, Göngu- og hjólastígar um Kópavogsháls (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Veitur hafa kynnt sér tillöguna og gera engar athugasemdir. Óskum eftir góðu samstarfi framkvæmdatíma og minnum á að Veitur vilja leggja hitaveitu og rafmagns lagnir í göngu og hjólastíg.

Höfundur: Helga Rún Guðmundsdóttir/helgarg@veitur.is

Sent inn þann: 16.08.2024 , **Fyrir hönd:** Veitur

Umsögn Garðabæjar dags, 2.09.2024



Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Garðabæ, 2. september 2024
Mál nr. 2405302

Efni: Göngu og hjólastígar um kópavogsháls - ósk um umsögn

Á fundi skipulagsnefndar þann 29. ágúst sl var tekið fyrir ofangreint mál og eftirfarandi bókun gerð.

„Lögð fram tillaga Kópavogsbæjar að nýju deiliskipulagi fyrir göngu og hjóltreiddastíga um Kópavogsháls.

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemdir við tillöguna.“

Virðingarfyllst,

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri



Vakin er athygli á því að erindi þetta verður ekki sent með bréfpósti nema óskað sé eftir því sérstaklega.



Umsögn Sunnuhlíðarsamtaka, dags. 19.09.2024

Mál nr. 0583/2024 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0583/2024, Göngu- og hjólastígar um Kópavogsháls (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Sunnuhlíðarsamtökin í Kópavogi vísa í fyrri athugasemdir og ítreka að samtökin beri ekki kostnað af framkvæmdum.

Hafa þarf í huga að auglýsa framkvæmdir vel, svo undirritaður geti upplýst íbúa Sunnuhlíðarsamtakana.

Bestu kveðjur
Kristinn Björgúlfsson
Umsjónamaður fasteigna
5624201
umsjon@sunnuhlid.is

Höfundur: Kristinn Björgúlfsson/umsjon@sunnuhlid.is

Sent inn þann: 19.09.2024 , **Fyrir hönd:** Sunnuhlíðarsamtökin

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



Landssamtök hjólréiðamanna

Kópavogsbær

[Skipulagsgátt mál 2024/583](#)

[Skipulagsgátt mál 2024/935](#)

Kópavogi, 21. september 2024

Umsögn um:

Göngu- og hjólastígar um Kópavogsháls Kópavogstún - breytt deiliskipulagsmörk

Landssamtök hjólréiðamanna (LHM) hefur skoðað tillögu um nýtt deiliskipulag göngu- og hjólastíga um Kópavogsháls sem og breytt deiliskipulagsmörk á Kópavogstúni, en þessar tvær tillögur eru nátengdar og því vill LHM senda inn eina umsögn um þær báðar.

Skipulagssvæðið nær til bæjarlands milli Hafnarfjarðarveggar og aðlægra lóða vestan megin vegarins. Frá Skjólbraut í norðri að undirgöngum undir Hafnarfjarðarveg við Kópavogsdal í suðri. Um 600 m vegalengd. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að mæla fyrir um legu og fyrirkomulag stofnstígs hjólréiða um Kópavogsháls og stuðla að auknu umferðaröryggi, sérstaklega gangandi og hjólandi vegfarenda. Tillagan gerir ráð fyrir nýjum aðskildum hjólastíg samsíða núverandi göngustíg.

LHM er almennt hlynnt þeim framkvæmdum sem sem koma fram í tillögunum. Með þeim skapast tækifæri til að auka öryggi hjólandi og gangandi umferðar og gera leið þeirra greiðari, skilvirkari og vistlegri.

Í báðum tillögunum, 583 og 935, stendur

Átta umsagnir bárust á kynningartíma. Brugðist var við ábendingum Sunnuhlíðarsamtakanna og Landssambands hjólréiðamanna.

en LHM sendi inn umsögn um tillögu 583 á forkynningartíma hennar. LHM er ekki kunnugt um með hvaða hætti var brugðist við ábendingum LHM og óskar vinsamlegast eftir að fá sendar upplýsingar um þau viðbrögð. Þar af leiðandi, og einnig þar sem LHM er ekki með aðgang að teikningunum frá forkynningunni til samanburðar við deiliskipulagstillöguna, má



vera að brugðist hafi verið við einhverjum ábendinga LHM (sem eru hér að neðan) að einhverju leyti; en þær eru þá ítrekaðar hér að neðan.

Lega stígsins: Lega stígs um sunnanverðan Kópavogsháls er nokkuð vandasöm þar sem stígurinn er í nokkrum bratta og tekur nokkrar krappar beygjur og þverar m.a. Kópavogsbraut með krappri sveigju í kringum hringtorgið, sem þarfnast góðrar hönnunar til að halda hjólaleið beinni og greiðri með góðum sjónlínunum fyrir hjólreiðafólk og bílstjóra. Þá skarast umferð gangandi og hjólandi á nokkrum stöðum og þá sérstaklega á stígamótum neðst í dalnum. Reynslan af legu stígsins frá 2014 hefur þó miðað við aðstæður verið nokkuð góð og að skipta sameiginlegum göngu- og hjólastíg í tvær stefnur með miðlínu fyrir nokkrum árum hefur bætt hann enn frekar. Miðað við allar aðstæður og reynslu af núverandi legu sameiginlegs stígs telur LHM að framlögð tillaga um legu stígsins og það sem fram kemur um hönnun hans sé góð að mestu leyti.


LHM vill þó koma á framfæri tveimur ábendingum um þessar tillögur (og þá þriðju neðar um tengsl við önnur verkefni):

(1) Huga þarf vel að öryggi hjólreiðamanna þar sem stígurinn og Kópavogsbraut mætast. Gæta þarf vel að sjónlínunum allra vegfaranda, hjólastígurinn ætti að halda hæðarplani og yfirborði sínu yfir götuna, og tryggja ætti forgang hjólandi vegfarenda yfir götuna bæði með hönnun og með formlegum hætti með skiltun.

(2) LHM telur betra væri að að hnika neðsta hluta stígsins í vestur frá stígamótum við Kópavogstún fram yfir stígamótin neðst við undirgöng í botni Kópavogs til að skapa öruggari stígamót og draga úr sveigjum á stíg á vandasömum stað neðst í brekkunni við Kópavogstún (mynd 1).

Pláss þarf að vera fyrir umferð upp úr undirgöngum að komast upp á jafnsléttu til að fá almennilega stígsýn í allar áttir á stígamótum áður beygt er eða haldið áfram; ekki má gera ráð fyrir að hjólreiðafólk þurfi að stoppa og svo taka aftur af stað úr brekkunni úr undirgöngunum.

Þá ætti að hafa í huga að fullbúnir stofnstígar úr austurhluta Kópavogs meðfram Fífuhvamsvegi og úr Kópavogsdal munu í framtíðinni eiga leið um þessi undirgöng og stígar út á Kársnes og til Garðarbæjar munu tengjast þarna og því þarf að byggja til framtíðar mjög vönduð stígamót þarna.



Mynd 1: Tillaga að færslu stígs í vestur til að laga stígamót við undirgöng (gular örvar). Svæði A verði stækkað til að hjólandi úr undirgöngum komist á jafnsléttu til að fá stígsýn áður en haldið er um stígamót, beygt eða haldið áfram.

Að öðru leyti gerir LHM ráð fyrir því að við lokahönnun verði höfð hliðsjón í hvívetna af

HÖNNUNARLEIÐBEININGAR FYRIR HJÓLREIÐAR
Leiðbeiningar sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðarinnar
19.12.2019

(eða nýrri útgáfu) og óskar eftir að fá tækifæri á seinni stigum til að rýna hana og senda inn athugasemdir ef við á, t.d. við verkhönnun.

Tenging við aðra stíga (3. ábending): Fram kemur að stígur um Kópavogsháls tengist stígum meðfram Borgarlínu við Borgarholtsbraut og stígum í Kópavogsdal og um sunnanvert Kársnes. Í þessu samhengi vill LHM minna á nauðsyn þess að halda áfram með hjólastíg um sunnanvert Kársnes sem mun í framtíðinni tengjast brúnni Öldu yfir Fossvoginn.

Hjólaleiðir þurfa að vera eindregnar, beinar, greiðar og öruggar og án óþarfa hæðarbreytinga eins og frekast er kostur; sem þessi stígur upp á Hamraborgina uppfyllir ekki m.v. að það sé **hjólastígur sem þræði suðurströnd Kársness að Bakkabraut án hæðarbreytinga** og fari þaðan yfir Fossvoginn á Öldu. Þessi stígur hér um Kópavogsháls, þótt góð viðbót sé,



kemur því ekki í stað hjólastígs meðfram suðurströnd Kársness. Til mikils er að vinna fyrir grænar og virkar samgöngur, sem styðja við loftlagsmarkmið og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, sem og til þess að reyna að draga úr aukningu á bílaumferð, að hjólastígur meðfram suðurströnd Kársness hvetji til hjólríða og tengist vel við núverandi og komandi hjólastíga og við Öldu.

Gróður og skjólmyndun

Áhersla á gróður til skjólmyndunar sem fram kemur í forkynningunni er í samræmi við stefnu LHM. Við stíga ætti að gera ráð fyrir gróðri og trjám sem draga úr vindi og skapa skjól án þess að hindra stígsýn við gatna- og stígamót.

Merking leiða

Gera þarf ráð fyrir merkingu göngu- og hjólastíga með leiðarmerkjum og gerum við ráð fyrir að gerð verði grein fyrir þeim í verkhönnun.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Landssamtaka hjólríðamanna

Erlendur S. Þorsteinsson

formaður stjórnar

Um Landssamtök hjólríðamanna

Landssamtök hjólríðamanna (LHM) eru hagsmunasamtök sem hafa að markmiði m.a. að efla hjólríðar á Íslandi sem heilsusamlegan lífsmáta og sem samgöngumáta. Öll helstu hjólríðafélög landsins eiga aðild að LHM. Samtökin eru þó ekki aðeins málsvari félagsmanna hinna ýmsu hjólríðafélaga sem telja yfir 2000 manns heldur eru þau jafnframt málsvari allra sem hjóla á Íslandi. LHM er aðildarfélag að European Cyclists' Federation, sem eru heildarsamtök fyrir hjólríðafélög til samgangna og ferðalaga í Evrópu. Aðildarfélag ECF er að finna í flest öllum löndum Evrópu. LHM hlaut samgönguviðurkenningu Reykjavíkurborgar 2012 fyrir virka þátttöku og áhrif í að efla hjólríðar á Íslandi.



Umsögn Berglindar Aðalsteinsdóttur dags. 23.09.2024

Mál nr. 0583/2024 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0583/2024, Göngu- og hjólastígar um Kópavogsháls (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Vek athygli á að eins og hjóla/göngustígurinn þverar Kópavogsbraut í dag þá sjást gangandi og hjólandi vegfarendur mjög illa þangað til þeir eru komnir alveg að götunni og birtast þá skyndilega. Þarna myndi bæta öryggi og flæði til muna t.d. með því að hafa mislæg gatnamót, mætti lækka götu og setja brú fyrir hjól/gangandi.

Höfundur: Berglind Aðalsteinsdóttir/Berglind.ba@gmail.com

Sent inn þann: 23.09.2024

Umsögn Huldu Jónasdóttur, dags. 23.09.2024

Mál nr. 0583/2024 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0583/2024, Göngu- og hjólastígar um Kópavogsháls (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Afar mikilvægt er að lagfærð verði þverun hjólandi þar sem umferð kemur úr hringtorgi við Kópavogsbraut, með brú eða göngum. Um er að ræða mikilvæga hjólaleið um Kópavogsháls sem tengir stofnanir og þjónustu (bókasafn, heilsugæslu, verslanir o.fl.) Til að ná sem bestri tengingu bæja á milli myndu göng undir Kópavogsgjánnu auka öryggi hjólandi og draga úr hæðarmun, þar væri fjárfesting sem myndi skila sér sem framtíðarlausn.

Höfundur: Hulda Jónasdóttir/huldajonas@simnet.is

Sent inn þann: 23.09.2024



Fylgiskjöl Auglýsingar á kynningartímabili

Auglýsing í Lögbirtingablaðinu, dags. 25.07.2024

Útgáfud.: 25. júlí 2024

Auglýsing um skipulag - Kópavogur

Deiliskipulag Ásbrautar. Lýsing skipulagsverkefnis.

Vakin er athygli á að nú stendur yfir í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kynning á lýsingu skipulagsverkefnis (skipulagslýsingu) vegna nýs deiliskipulags Ásbrautar.

Skipulagsvæðid nær til Ásbrautar 3-21 og hluta Hábrautar á Kársnesi. Markmið með deiliskipulagsvinnunni að endurhanna göturými Ásbrautar til að bæta stigakerfi og tryggja með samræmdum hetti örugga og greiða umferð gangandi og hjólandi vegfarenda í samræmi við aðalskipulag Kópavogsbæjar. Í lýsingunni eru settar fram helstu forsendur og markmið deiliskipulagsvinnunnar ásamt tímaáætlun skipulagsferlisins.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að kynna sér skipulagslýsinguna.

Athugasemdum og ábendingum skal skila í gegnum skipulagsgátt [www.skipulagsgatt.is](#), málsnr. 930/2024, eigi síðar en 23. september 2024.

Auglýsing um tillögu að nýju deiliskipulagi göngu- og hjólastígs um Kópavogsháls.

Vakin er athygli á því að nú stendur yfir auglýsing í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um tillögu að nýju deiliskipulagi göngu- og hjólastígs um Kópavogsháls.

Skipulagsvæðid nær til bæjarlands milli Hafnarfjarðarveggar og aðlægra lóða vestan megin vegarins. Frá Skjólbraut í norðri að undirgöngum undir Hafnarfjarðarveg við Kópavogsdal í suðri, um 600 metra vegalengd. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að mæla fyrir um legu og fyrirkomulag stofnstígs hjólréiða um Kópavogsháls og stuðla að auknu umferðaröryggi, sérstaklega gangandi og hjólandi vegfarenda. Tíllagan gerir ráð fyrir nýjum aðskildum hjólastíg samsíða núverandi göngustíg.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að kynna sér tillöguna.

Athugasemdum og ábendingum skal skila í gegnum skipulagsgátt [www.skipulagsgatt.is](#), málsnr. 583/2024, eigi síðar en 23. september 2024.

Auglýsing um breytt deiliskipulag Kópavogstúns.

Vakin er athygli á því að nú stendur yfir í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsing um breytt deiliskipulag Kaupavogstúns.

Í breytingunni felst að mörk deiliskipulagsvæðisins færist til suðurs og vestur og munu liggja að deiliskipulagsvæði nýs deiliskipulags göngu- og hjólastíga um Kópavogsháls. Ekki eru gerðar aðrar breytingar á deiliskipulaginu.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að kynna sér breytt deiliskipulag.

Athugasemdum og ábendingum skal skila í gegnum skipulagsgátt [www.skipulagsgatt.is](#), málsnr. 935/2024, eigi síðar en 23. september 2024.

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.

Auglýsing á heimasíðu Kópavogs

Forsíða / Íbúar / Skipulagsmál / Skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu / Göngu- og hjólastígar um Kópavogsháls. Nýtt deiliskipulag.

Göngu- og hjólastígar um Kópavogsháls. Nýtt deiliskipulag.



Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er tíllaga að nýju deiliskipulagi hér með auglýst.

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 18. júlí að auglýsa í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að nýju deiliskipulagi göngu- og hjólastígs um Kópavogsháls.

Skipulagsvæðid nær til bæjarlands milli Hafnarfjarðarveggar og aðlægra lóða vestan megin vegarins. Frá Skjólbraut í norðri að undirgöngum undir Hafnarfjarðarveg við Kópavogsdal í suðri, um 600 metra vegalengd. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að mæla fyrir um legu og fyrirkomulag stofnstígs hjólréiða um Kópavogsháls og stuðla að auknu umferðaröryggi, sérstaklega gangandi og hjólandi vegfarenda. Tíllagan gerir ráð fyrir nýjum aðskildum hjólastíg samsíða núverandi göngustíg.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að kynna sér tillöguna.

Athugasemdum og ábendingum skal skila í gegnum skipulagsgátt [www.skipulagsgatt.is](#), málsnr. 583/2024, eigi síðar en 23. september 2024.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að hafa samband við starfsfólk skipulagsdeildar með því að senda tölvupóst á [skipulag@kopavogur.is](#)

Vakin er athygli á að athugasemdir teljast til opinberra ganga í allri skipulagsmeðferð. Skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar notar upplýsingar sem eru settar fram vegna athugasemda við skipulag til úrvinnslu og auðkenningar. Kópavogsbær er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og afhendir gögn til varðveislu til Þjóðskjalasafns Íslands.

Göngu- og hjólastígar um Kópavogsháls. Nýtt deiliskipulag.

Tímabil

19. júlí - 23. september 2024

Kynningargögn

Uppdráttur - Nýtt deiliskipulag göngu- og hjólastígs um Kópavogsháls 1 af 2

Uppdráttur - Nýtt deiliskipulag göngu- og hjólastígs um Kópavogsháls 2 af 2

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



Auglýsing í Morgunblaðinu, dags. 25.07.2024

Auglýsing um skipulagsmál í Kópavogi

Deiliskipulag Ásbrautar.

Lýsing skipulagsverkefnis

Vakin er athygli á að nú stendur yfir í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kynning á lýsingu skipulagsverkefnis (skipulagslýsingu) vegna nýs deiliskipulags Ásbrautar.

Skipulagssvæðið nær til Ásbrautar 3-21 og hluta Hábrautar á Kársnesi. Markmið með deiliskipulagsvinnunni að endurhanna göturými Ásbrautar til að bæta stígakerfi og tryggja með samræmdum hætti örugga og greiða umferð gangandi og hjólandi vegfarenda í samræmi við aðalskipulag Kópavogsbæjar. Í lýsingunni eru settar fram helstu forsendur og markmið deiliskipulagsvinnunnar ásamt tímaáætlun skipulagsferlisins.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að kynna sér skipulagslýsinguna.

Athugasemdum og ábendingum skal skila í gegnum skipulagsgátt www.skipulagsgatt.is, málsnr. 930/2024, eigi síðar en **23. september 2024**.

Auglýsing um tillögu að nýju deiliskipulagi göngu- og hjólastígs um Kópavogsháls.

Vakin er athygli á að nú stendur yfir auglýsing í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um tillögu að nýju deiliskipulagi göngu- og hjólastígs um Kópavogsháls.

Skipulagssvæðið nær til bæjarlands milli Hafnarfjarðarveggar og aðlægra lóða vestan megin vegarins. Frá Skjólbraut í norðri að undirgöngum undir Hafnarfjarðarveg við Kópavogsdal í suðri, um 600 metra vegalengd. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að mæla fyrir um legu og fyrirkomulag stofnstígs hjólréiða um Kópavogsháls og stuðla að auknu umferðaröryggi, sérstaklega gangandi og hjólandi vegfarenda. Tilagan gerir ráð fyrir nýjum aðskildum hjólastíg samsíða núverandi göngustíg.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að kynna sér tillöguna.

Athugasemdum og ábendingum skal skila í gegnum skipulagsgátt www.skipulagsgatt.is, málsnr. 583/2024, eigi síðar en **23. september 2024**.

Auglýsing um breytt deiliskipulag Kópavogstúns.

Vakin er athygli á því að nú stendur yfir í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsing um breytt deiliskipulag Kópavogstúns.

Í breytingunni felst að mörk deiliskipulagssvæðisins færast til suðurs og vestur og munu liggja að deiliskipulagssvæði nýs deiliskipulags göngu- og hjólastíga um Kópavogsháls. Ekki eru gerðar aðrar breytingar á deiliskipulaginu.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að kynna sér breytt deiliskipulag.

Athugasemdum og ábendingum skal skila í gegnum skipulagsgátt www.skipulagsgatt.is, málsnr. 935/2024, eigi síðar en **23. september 2024**.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um ofangreind skipulagsverkefni er hægt að hafa samband við starfsfólk skipulagsdeildar með því að senda tölvupóst á skipulag@kopavogur.is.

Vakin er athygli á að athugasemdir teljast til opinberra ganga í allri skipulagsmeðferð. Skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar notar upplýsingar sem eru settar fram vegna athugasemda við skipulag til úrvinnslu og auðkenningar. Kópavogsbær er afhendingaskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og afhendir gögn til varðveislu til Þjóðskjalasafns Íslands.

Skipulagsfulltrúi Kópavogs.

